



Formannafundur 27. maí 2015

Fundargerð

Miðvikudaginn 27. maí var haldinn formannafundur í Harðarþóli. Fundurinn hófst kl. 19.00.

Fundurinn var fjölmennur að þessu sinni því ákveðið var að bjóða gjaldkerum deilda og formönnum meistaraflokksráða ásamt aðalstjórn og starfsfólki skrifstofu á fundinn og hafa hann á léttum nótum að því leiti að fundarmenn gætu skipst á skoðunum og hugmyndum án þess að allt væri niðurnjörfað í fundargerð. Vegna þessa bauð aðalstjórn fundarmönnum upp á veitingar.

Þeir sem mættu voru: Richard frá taekwondo, Ellen frá taekwondo, Stefán Alfreð frá badminton, Ásgeir frá handboltanum, Grétar frá blakinu, Anna frá aðalstjórn, Anna Hlíf frá fimleikum, Steinunn frá fimleikum, Þórdís frá frjálsum, Gissur frá frjálsum, Vilborg frá skrifstofu, Ester frá skrifstofu, Indriði frá skrifstofu, Bjarki Már frá skrifstofu, Dagný frá aðalstjórn, Anna Olsen frá karate, Sigurður Rúnar frá Bur knattsp. og karatedeild, Guðný frá sunddeild, Adonis frá sunddeild, Óli Thoroddsen frá aðalstjórn, Gunna Stína frá blakinu, Hafdís frá blakinu, Finnur frá blakinu, Geirarður frá aðalstjórn og gestur fundarinn Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK. Samtals 25 manns.

1. *Kynning frá framkvæmdastjóra UMSK*

Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK fór yfir hvaða möguleika deildir félagsins hefðu til að sækja um styrki og hve mikilvægt það væri að styrkumsóknir væru vel úr garði gerðar. Bauð hann fram aðstoð sína til að lesa umsóknir yfir og gefa ráð í umsóknarferlinu. Hann fór í stuttu máli yfir starfsemi UMSK, Afrekssjóð UMSK, þjálfarastyrki og almenna styrki sem ungmennasambandið veitir og kynnti að lokum fyrirlestra sem standa til boða næsta haust.

2. *Skýrsla Uppskeruhátíðarvinnuhóps kynnt.*

Þórdís formaður frjálslíþróttadeildar kynnti niðurstöður vinnuhópsins sem þarna var skilað til aðalstjórnar. Hópurinn var samstíga í að breyta vorhátíð í hausthátíð og leggur til að Uppskeruhátíð félagsins verði í samstarfi með Mosfellsbæ v. Íþróttamanna ársins en vinnuhópurinn fór m.a. á fund með tólmstundanefnd vegna þessara hugmynda sem fundarmenn tóku undir að væru jákvæðar. Gunna Stína bað um að bókað yrði að ákveðið hefði verið fyrir nokkrum árum að hluti af lottópeningum félagsins færi í Uppskeruhátíðin og velti þeirri spurningu upp: „...hvert fer lottópeningurinn núna ef uppskeruhátíðin verður lögð niður í þeirri mynd sem hún er og deildirnar sjálfar halda sínar uppskerur?“ Umræður urðu meðal fundarmanna sem aðalstjórn meðtók.

3. *Skýrsla Búninganefndar kynnt.*

Indriði framkvæmdastjóri sagði frá niðurstöðum búninganefndar þar sem m.a. var tekin ákvörðun um útlit á sameiginlegum utanyfirgalla fyrir allar deildir félagsins. Framkvæmdastjóri kom inn á að samið hefði verið við Errea að útvega kassa með mátunargöllum í mismunandi stærðum fyrir deildar sem staðsettur væri á skrifstofu og gætu deildir fengið til mátunar fyrir yngriflokka. Fundarmenn tóku vel í þetta fyrirkomulag og að geta haft stærðir á staðnum til mátunar.

4. *Sumarlokun á skrifstofu.*

Skrifstofa félagsins verður lokuð vegna sumarfría starfsmanna frá og með 6. júlí n.k. til og með 24. júlí n.k. Gjaldkerum var sérstaklega bent á að koma með þau erindi sín sem ekki þola bið fyrir þann tíma.

5. *Umræður á sal.*

Fjörugar umræður og skoðanaskipti urðu um málefni félagsins meðal fundarmanna um hin og þessi mál enda fundurinn settur upp sem slíkur. Þarna urðu m.a. umræður um Uppskeruhátíð, frístundafjör, búningamál, tímatöflugerð og fleiri atriði sem fundarmenn höfðu áhuga á að ræða frjálst og opið.

4. *Önnur mál.*

Sigurður Rúnar ítrekaði skoðun sína á því að þörf væri á að bæta við sérstökum Nórastjóra á skrifstofuna til að minnka álagið á gjaldkera deilda félagsins og auka þannig öryggi í innheimtu æfingagjalda enn frekar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 22.00

Indriði Jósafatsson
(sign.)